

Ábendingar til nefndar um stefnumótun fyrir raflínur

Fuglavernd fagnar því að sett hefur verið á laggirnar nefnd sem mótar stefnu í lagningu raflína í jörð. Af því tilefni viljum við koma til nefndarinnar ábendingum um mikilvægi þess að taka tillit til fuglalífs þegar raflínur er valin staður, eða ákveðið hvort þær eigi að vera ofanjarðar eða lagðar í jörð. Einnig þarf gerð þeirra að vera þannig að líkur á raflosti fugla verði sem minnstar. Á Íslandi er líklega helst hættu á því að ernir, fálkar og hrafnar drepist af völdum raflosts.

Það er rétt að minna á að Íslendingar eru aðilar að Bernar-sáttmálanum og í tengslum við hann hafa verið gefnar út leiðbeiningar um hvernig draga megi úr fugladauða af völdum raflína, tilmæli nr. No. 110 (2004), sjá nánari upplýsingar á þessari slóð:

<https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=847305&BackColorInternet=9999CC&BackColorIntranet=FFBB55&BackColorLogged=FFAC75>.

BirdLife International (Alþjóðlegu fuglaverndar-samtökin) hafa beitt sér mikið til að draga úr fugladauða af völdum raflína og var í fyrra haldin ráðstefnu í Búdapest þar sem samþykkt voru tilmæli sem eiga við Ísland,

sjá: <https://wcd.coe.int/com.instranet.InstraServlet?command=com.instranet.CmdBlobGet&InstranetImage=1957156&SecMode=1&DocId=1776180&Usage=2>.

Stjórnin vonar að tekið verði tillit til þessara ábendinga og telur einnig að Fuglavernd eigi að koma að þessum málum ekki síður en önnur náttúruverndarfélag.

F. hönd stjórnar Fuglaverndar

Hólmfríður Arnardóttir
Framkvæmdastjóri